

Alþingi, efnahags- og  
viðskiptanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Vísað er til bréfs Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 21. nóvember sl., þar sem ríkisskattstjóra var sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum greinum laganna. Ríkisskattstjóri hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Í 4. gr. eru lagðar til breytingar sem snerta útreikning dráttarvaxta vegna vanskila á staðgreiðslu. Er lagt til að dráttarvextir verði reiknaðir sem dagvextir í stað mánaðarvaxta. Einnig er í frumvarpsgreininni gert ráð fyrir að upphafstímamark dráttarvaxta verði miðað við gjalddaga hafi ekki verið greitt á fyrsta degi næsta mánaðar eftir eindaga. Gjaldalagi staðgreiðsluskila er 15. janúar og eindagi 15 dögum síðar eða þann 30. sama mánaðar.

Rétt er að benda á það að samkvæmt gildandi lögum reiknast svokallað Álag 1 fyrstu 10 dagana sem líða eftir að greiðslufall hefur orðið á eindaga. Reiknast þannig 1% af gjaldskyldri fjárhæð fyrir hvern dag sem líður eftir eindaga, að hámarki 10% af gjaldskyldri fjárhæð. Hafi síðan ekki verið greitt fyrsta dag næsta mánuðar eftir eindaga reiknast svokallað álag 2, sem er jafnhátt dráttarvöxtum. Samkvæmt gildandi lögum gerist þetta þannig á öðrum degi eftir eindaga, en ekki fimmtán dögum síðar eins og er samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þannig eru í reynd álag 1 og álag 2 reiknað á sama tíma og viðurlög við vangreiðslu þessa skatts þannig mun harðari en gengur og gerist. Verður að ætla að hér hafi orðið mistök á sínum tíma í framsetningu þessa ákvæðis, en gengið var út frá því að ákvæðið væri sniðið að sambærilegu ákvæði í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu að dráttarvextir séu reiknaðir sem dagvextir er í sjálfu sér eðlileg og samýmist almennum viðurlögum við vangreiðslu. Ríkisskattstjóri vill þó leyfa sér að vekja athygli á því að almennt hefur verið gengið út frá því að álag 1 og álag 2 reiknist ekki á sama tíma. Þó sú hafi reyndar verið raunin varðandi þennan skatt má færa gild rök fyrir því að þar hafi verið um að ræða mistök við lögtöku skatts þessa á sínum tíma. Í greinargerð með frumvarpi því sem síðar var samþykkt sem lög nr. 94/1996 kom fram að ákvæði um álag væri sambærilegt og gildir um staðgreiðslu opinberra gjalda. Samkvæmt þeim lögum reiknast álag 1 og álag 2 ekki á sama tíma og styður það framangreint.

Hefur ríkisskattstjóri engar aðrar efnislegar athugasemdir fram að færa varðandi frumvarpið.

Virðingarfyllt

